



NEYTENDASTOFA

Ákvörðun nr. 28/2022

## Ákvörðun um sektir vegna ófullnægjandi verðmerkinga Fiskikónsins ehf.

### I.

#### Málsmeðferð

Þann 18. október 2022 framkvæmdu starfsmenn Neytendastofu athugun á ástandi verðmerkinga í fiskverslunum á höfuðborgarsvæðinu, þ. á m. verslun Fiskikónsins ehf. Voru verðmerkingar athugaðar með tilliti til ákvæða 17. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, sem kveður á um það að fyrirtækjum sem selja vörur eða þjónustu beri að verðmerkja vöru sína og þjónustu og sýna það á áberandi hátt á sölustaðnum, sem og ákvæða reglna nr. 536/2011, um verðmerkingar og einingarverð við sölu á vörum. Samkvæmt reglunum ber fyrirtækjum að verðmerkja vöru með réttu söluverði þar sem hún er höfð til sýnis neytendum. Skoðun starfsmanna Neytendastofu leiddi í ljós að ástand verðmerkinga í versluninni voru ábótavant, þar sem engar verðmerkingar voru að finna á ákveðnum vörum í versluninni.

Fylltu starfsmenn stofnunarinnar út athugunarblað við framkvæmd athugunarinnar og kvittuðu starfsmenn félagsins undir blaðið til staðfestingar á athugasemdum stofnunarinnar og mætingu þeirra. Við lok athugunarinnar skildi starfsmaður stofnunarinnar eftir bréf í versluninni þar sem tiltekið var að skoðunin hefði farið fram og að Neytendastofa myndi senda félaginu bréf þar sem gerð yrði nánari grein fyrir ástandi verðmerkinga. Var auk þess vísað til viðeigandi lagaákvæða.

Með bréfi Neytendastofu til Fiskikónsins, dags. 27. október 2022, greindi stofnunin félaginu frá niðurstöðum skoðunarinnar og gerði grein fyrir þeim ákvæðum sem í gildi eru um verðmerkingar. Þá var þeim eindregnu tilmælum beint til Fiskikónsins að koma verðmerkingum í viðunandi horf með hliðsjón af ákvæðum laga nr. 57/2005 og reglna nr. 536/2011. Í bréfinu kom fram að könnun stofnunarinnar yrði fylgt eftir með nýrri könnun og mætti félagið búast við því að tekin yrði ákvörðun um sektir, samkvæmt IX. kafla laga nr. 57/2005, yrði ekki farið að tilmælum stofnunarinnar.

Seinni athugun stofnunarinnar var framkvæmd þann 14. nóvember 2022. Leiddi sú athugun í ljós að í kæli vantaði enn einingarverð fyrir smjör, salat og sýrðan rjóma; að í frysti vantaði



einingarverð fyrir bæði lúxus og kónga rækjur; og að í hillu vantaði einingarverð fyrir olíur og rasp. Voru gerðar athugasemdir í samræmi við það og kvittuðu starfsmenn félagsins undir athugunarblað því til staðfestingar.

Með bréfi Neytendastofu til Fiskikóningsins, dags. 23. nóvember 2022, var félaginu gefinn tveggja vikna frestur til að koma að skýringum og/eða athugasemdum í málinu áður en tekin yrði ákvörðun um sektir á grundvelli IX. kafla laga nr. 57/2005. Ekkert svar barst stofnuninni.

## II. Niðurstaða

Í máli þessu hefur Fiskikóngurinn ehf. ekki sinnt fyrirmælum Neytendastofu um að koma verðmerkingum í verslun sinni í viðunandi horf innan tilskilins frests.

Ákvæði 17. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, er svohljóðandi:

*„Fyrirtæki, sem selur vörur eða þjónustu til neytenda, skal merkja vöru sína og þjónustu með verði eða sýna það á svo áberandi hátt á sölustaðnum að auðvelt sé fyrir neytendur að sjá það. Neytendastofa getur sett nánari ákvæði um verðmerkingar með opinberri tilkynningu.“*

Samkvæmt ákvæðinu ber söluaðilum ávallt að gefa upp verð á vörum og þjónustu. Á grundvelli heimildar ákvæðisins, sem og ákvæðis 18. gr. sömu laga, sem snýr að heimild Neytendastofu til að gefa fyrirtækjum sérstök fyrirmæli um að gera ráðstafanir til að auðvelda viðskiptavinum að meta verð og gæði, hefur Neytendastofa sett reglur nr. 536/2011, um verðmerkingar og einingarverð við sölu á vörum.

Um verðmerkingar á vörum segir í 1. og 2. mgr. 3. gr. verðmerkingareglanna:

*„Fyrirtæki skal skýrt og greinilega merkja vöru sína með réttu söluverði og einingarverði í íslenskum krónum.“*

*Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er þó heimilt að veita sömu upplýsingar nálægt vöru enda sé augljóst til hvaða vöru verðmerkingin vísar og tryggt sé að neytendur fái án vandkvæða aðgang að upplýsingum um sölu- og einingarverð sem skylt er að veita samkvæmt reglum þessum, sbr. 4. gr.“*

Samkvæmt ákvæðunum ber versluninni að verðmerkja allar söluvörur sínar með réttu söluverði. Á fyrirtækjum hvílir afdráttarlaus skylda til að hafa söluvörur ávallt verðmerktar. Í máli þessu voru niðurstöður síðari athugunar í verslun Fiskikóningsins þær að verðmerkingar í



versluninni væru enn ábótavant þrátt fyrir athugasemdir stofnunarinnar. Eins og áður greindi vantaði enn einingarverð fyrir smjör, salat og sýrðan rjóma í kæli; einingarverð fyrir bæði lúxus og kónga rækjur í frysti; og einingarverð fyrir olíur og rasp í hillu. Strax eftir móttöku bréfs stofnunarinnar, dags. 27. október 2022, hefði félaginu mátt vera ljós sú skylda sem hvílir á fyrirtækjum að verðmerkja vörur sínar í samræmi við kröfur laga nr. 57/2005 og reglna 536/2011. Enda var í umræddu bréfi að finna hvatningu til að koma verðmerkingum í viðunandi horf ásamt nákvæmum athugasemdum um hvar verðmerkingum væri ábótavant. Þrátt fyrir það var verðmerkingum félagsins ekki komið í viðunandi horf innan tilskilins frests og telur Neytendastofa því nauðsynlegt að beita þeim úrræðum sem stofnunin hefur á grundvelli IX. kafla laga nr. 57/2005.

Ákvæði 1. mgr. 22. gr. laga nr. 57/2005 segir:

*„Neytendastofa getur lagt stjórnvaldssektir á fyrirtæki sem brjóta gegn:*

*[...]*

*b. stjórnvaldsreglum og ákvörðun Neytendastofu gegn viðskiptaháttum sem brjóta í bága við ákvæði II.-VIII. kafla [...]*

*c. reglum og fyrirmælum Neytendastofu um ráðstafanir til að auðvelda viðskiptavinum að meta verð og gæði, sbr. 18. gr.“*

Með vísan til alls framangreinds, sem og að teknu tilliti til meðalhófsreglu stjórnsýslulaga og jafnræðisreglu stjórnsýslulaga, og með hliðsjón af sektarákvörðunum stofnunarinnar í sambærilegum málum, þykir Neytendastofu hæfilegt að leggja á Fiskikóningsins stjórnvaldssekt að fjárhæð 50.000 kr. (fimmtíu þúsund krónur). Sektina skal greiða í ríkissjóð eigi síðar en þremur mánuðum frá dagsetningu ákvörðunar þessarar.



**III.**  
**Ákvörðunarorð:**

**„Fiskikóngurinn ehf., Stórakri 6, 210 Garðabæ, hefur brotið gegn ákvæði 17. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, sem og ákvæði 3. gr. reglna nr. 536/2011, um verðmerkingar og einingarverð við sölu á vöru, með óviðunandi verðmerkingum í samnefndri verslun sinni.**

**Með heimild í b. og c. lið 1. mgr. 22. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, leggur Neytendastofa stjórnvaldssekt á Fylgifiska ehf. að fjárhæð kr. 50.000 (fimmtíu þúsund krónur). Sectina skal greiða í ríkissjóð eigi síðar en þremur mánuðum frá dagsetningu ákvörðunar þessarar.“**

Neytendastofa, 16. desember 2022

Þórunn Anna Árnadóttir  
forstjóri

Matthildur Sveinsdóttir